

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
24.08.20	16:00	Teams	4
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Isabel Alejandra Diaz	Helga Lind Mar		24.08.20
Fundaraðilar mættir			
<b><u>Félagsvísindasvið:</u></b>			
<i>Arnaldur Starri Stefánsson fyrir Röskvu</i>			
<i>Lenya Rún Taha Karim fyrir Vöku</i>			
<i>Vífill Harðarson fyrir Röskvu</i>			
<i>Hólmfríður M. Böðvarsd. Howard fyrir Vöku</i>			
<b><u>Heilbrigðisvísindasvið:</u></b>			
<i>Brynhildur K Ásgeirsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Salóme Sirapat Friðriksdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Ingi Pétursson fyrir Vöku</i>			
<b><u>Hugvísindasvið:</u></b>			
<i>Katla Ársælsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Ingibjörg Iða Auðunardóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Erlingur Sigvaldason fyrir Röskvu</i>			
<b><u>Menntavísindasvið:</u></b>			
<i>Magdalena Katrín Sveindóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Gabríelu Sól Magnúsdóttur fyrir Röskvu</i>			
<i>Sóley Arna Friðriksdóttir fyrir Vöku</i>			
<b><u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u></b>			
<i>Herdís Hanna Yngvadóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Ástráður Stefánsson fyrir Röskvu</i>			
<i>Urður Einarsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<b><u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u></b>			
<i>Mikael Berg Steingrímsson, hagsmunafulltrúi SHÍ</i>			
<i>Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, varaforseti SHÍ</i>			
<i>Isabel Alejandra Díaz, forseti SHÍ</i>			
<i>Helga Lind Mar framkvæmdastýra SHÍ</i>			
Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:			
<b><u>Félagsvísindasvið:</u></b>			

*Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir fyrir Rös kvu*

*Heilbrigðisvísindasvið:*

*Hugvísindasvið:*

*Menntavísindasvið:*

*Verkfræði- og náttúruvísindasvið:*

## **Fundardagskrá**

**Fundur Stúdentaráðs 24. ágúst 2020 kl. 17:10**

*Agenda Student Council Meeting on August 24th 2020*

1. Fundur settur 17:10  
*Meeting begins*
2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:10-17:15  
*Vote/approval on minutes from last meeting*
3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:15-17:35  
*Announcements and issues ahead*
4. Kynning á Sprettur 17:35-17:55  
*Presentation on Sprettur*
5. Tillaga um úrræði í boði fyrir stúdentu á haustönn vegna Covid-19 17:55-18:10  
*Proposal on resources for students available due to Covid-19*
6. Hlé 18:10-18:20  
*Intermission*
7. Fyrstu niðurstöður stefnumótunarferðar (umræður) 18:20-18:35  
*First results from the policymaking trip*

8. Tillaga varðandi niðurstöður fjórðu COVID könnunar 18:35-18:50  
*Proposal regarding the publication of the fourth COVID survey*
9. Önnur mál 18:50-19:00  
*Other issues*
10. Fundi slitið 19:00  
*Meeting ends*
11. Bókfærð mál  
*Recorded issues*

## **Fundardagskrá**

**Fundur Stúdentaráðs 24. ágúst 2020 kl. 17:10**

*Agenda Student Council Meeting on August 24th 2020*

1. Fundur settur 17:10  
*Meeting begins*
2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:10-17:15  
*Vote/approval on minutes from last meeting*
  - a. Bókun Magdalena Katrín

*Stúdentaráðsfundur  
24. ágúst 2020*

### **- B Ó K U N -**

Ég óska eftir að gera grein fyrir atkvæði mínu á tillögu síðasta fundar, um verklagsreglur fyrir kennara HÍ sem snúa að fjarnemum.

Ég er mjög sammála að fjarnám við Háskóla Íslands sé ábótavant og ekki í samræmi við staðnám, ferlið er þó umfangsmeira og lengra en gert var grein fyrir í tillögunni. Ég tel það ekki vera í okkar umdæmi að búa til leiðarvísi/verkfallsreglur fyrir kennara háskólans. Hinsvegar er ég þeirrar skoðunnar að það sé mikilvægt að fara í ítarlega rannsóknarvinnu og fá

kennara/stjórnendur með okkur í lið að bæta stöðu fjarnema innan Háskólans.

Gott fyrsta skref væri að mínu mati að sviðsráð MVS boði til fundar með forseta og kennslunefnd MVS til að ræða stöðu fjarnema og athuga hvað sviðsráð ásamt stjórnendum sviðsins geta gert í sameiningu til að tryggja fjarnemum sama rétt og staðnemar. Í kjölfarið gætum við ákveðið næstu skref og leitað til fjarnema varðandi þeirra stöðu og hvað þau vilja sjá breytast. Það væri hægt að framkvæma með t.d. víðtækri könnun, eins og gert var í tengslum við sjúkra- og endurtektaprófin sem send yrði á fjarnema og niðurstöðunum skilað til stjórnenda sviða skólans sem bjóða upp á fjarnám. Þetta er vinna sem við getum ráðist í sem allra fyrst.

Samvinna með stjórnendum sviðsins getur skilað betri árangri víðar fyrir stúdenta, að mínu mati, en að búa til leiðarvísi sem er ekki unninn í samvinnu með þeim kennurum sem kenna námskeið í fjarnámi. Á stjórnarfundum með forseta og deildarforsetum MVS hafa þau tekið jákvætt í þær hugmyndir sem ég hef minnst á varðandi stöðu fjarnema innan MVS og hafa verið opin fyrir samstarfi sem er mikilvægt að efla frekar.

*Magdalena Katrín Sveinsdóttir*

b. Breytingatillaga frá Lenyu:

- i. Fer úr: *Finnst þér ekki betra að finna langtímalausn að finna nemendum langtímalausn inn í skólanum. Útvega stúdentum sveiganlegar vinnur sem henta vel með námi. Eigum við frekar að berjast fyrir einhverju öðru? Hætta að berjast fyrir þessum bótum. Við erum ekki að fara fá þær.*
- ii. Verður að: *Það er ólíklegt að við fáum bæturnar í ljósi nýlegra skoðana ríkisstjórnarinnar þannig væri ekki betra að beina athyglinni að því að finna vinnur fyrir stúdenta sem hentar vel með skóla?*
- iii. Kosið:

1. Samþykkt einróma

c. Fundargerðin í heild sinni:

- i. Kosið
1. Samþykkt einróma

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:15-17:35

*Announcements and issues ahead*

- a. World Class

- i. Forseti SHÍ uppfærir um stöðu mála  
*Update on the negotiations with World Class*
  1. *Viðræður í góðu tómi. Stefna á að opna núna þegar skólinn er að byrja. Verður afsláttur en ekki komin lokatala.*
- b. Neyðarstjórn HÍ og hópur um stuðning og móttöku nýnema
  - i. Neyðarstjórn hefur komið aftur saman en forseti SHÍ á sæti þar fyrir hönd stúdenta. Jafnframt var settur á laggirnar hópur til að halda utan um móttöku nýnema yfir allt árið.  
*The emergency board/management has come together again, where the president of SHÍ is the student representative. A group was also set up to manage the reception of new students throughout the year.*
  - ii. *Hefur fundað þrisvar sinnum. Neyðarstjórnin er í góðu samskiptum við yfirvöld til að fylgjast með. Hefur komið á framfæri að það væru aðallega nýnemar sem væru kannski að velta fyrir sér hvort þau ættu að mæta í skólann eins og í öðrum skólunum.*
  - iii. *FÁ FRÁ ISABEL HVADA HLUTIR ÞAÐ ERU SEM HÚN HEFUR NEFNT.*
- c. Geðheilbrigðishópur HÍ  
*Mental health resources group of HÍ*
  - i. Forseti SHÍ á sæti í hópnum sem er að funda vikuna 17.-21. ágúst eftir langa dvöl.  
*The President of SHÍ is a member of the group that is meeting the week 17-21. of August after a long delay because of COVID.*
  - ii. *Átti að funda í síðustu viku en þeim fundi var frestað vegna álags, eiga samt fund í næstu viku. Þá verður skoðað hvernig úrræðin hafa verið að virka. Umræða um hvort að félagsráðgjafi ætti að vera á staðnum líka.*
- d. Stjórn Stúdentaráðs  
*Board of the Student Council*
  - i. Uppfærsla af síðasta fundi stjórnar / *Update from the previous Student Council meeting*
  - ii. *Verklagsreglur voru samþykktar. Er hægt að nálgast þær í fundargögnum síðasta fundar.*
- e. Hrafinkelssjóður
  - i. Áttunda úthlutun fór fram í þar síðustu viku. Stjórn sjóðsins er að skoða ýmsa aðra möguleika til að halda honum á floti.  
*The eighth allotment took place last week. The board of the fund is looking at*

*various options to keep it afloat. The president of SHÍ is also the chairman of the fund's board.*

- f. Atvinnuleysisbætur fyrir stúdenta
  - i. Update eftir tilkynningu félags- og barnamálaráðherra vegna atvinnuleysisbætur fyrir fólk á meðan námi stendur01

#### 4. Kynning á Sprett 17:35-17:55

*Presentation on Sprettur*

- a. Rakel Ósk Reynisdóttir, verkefnastjóri Sprettis, heldur kynningu um verkefnið. Mikilvægt að Stúdentaráð þekki vel til þess.  
*Rakel Ósk Reynisdóttir, Sprettur project manager, gives a presentation about the project. It is important that the Student Council is well acquainted with this.*

#### 5. Tillaga um úrræði í boði fyrir stúdenta á haustönn vegna Covid-19 17:55-18:10

*Proposal on resources for students available due to Covid-19*

- a. Tillaga flutt af Lenyu Rún, oddvita Vöku  
*A proposal by Lenya Rún, Vaka's spokesperson*

### **-- T I L L A G A --**

#### ***um að hafa „staðið án einkunna“ úrræðið í boði fyrir stúdenta á haustönn 2020-2021***

Lagt er til að SHÍ beiti sér fyrir því að Háskóli Íslands bjóði upp á að nota „staðið án einkunna“ úrræðið fyrir alla áfanga sem eru yfir 5 einingar á haustönn 2020.

*Flutningsaðili: Lenya Rún Taha Karim, oddviti Vöku*

#### **Skýring**

Vegna COVID-faraldursins hefur óvissustigið innan háskólans og meðal háskólanema verið mikið undanfarna mánuði og þá sérstaklega núna í haust. Vitað er að meirihluti af kennslunni í haust verður rafræn og má reikna með því að sum próf verði rafræn líka en vissulega er ástandið breytilegt og fer algjörlega eftir því í hvaða átt hlutir þróast. Margir stúdentar hafa lýst yfir áhyggjum yfir meðaleinkunninni sinni í auknum mæli og þ.a.l. væri sanngjarnt og eðlilegt í þessari stöðu að bjóða upp á „staðið án einkunna“ fyrir stúdenta aftur. Þetta úrræði var vinsælt í vor 2020 og lýstu mörg okkar yfir mikilli ánægju þegar vitað var að fordæmalausir tímar hefðu lítilsháttar áhrif á lokaekunn skólaársins 2019-2020.

Vísa má í könnun Stúdentaráðs sem send var út 22. mars um andlegu líðan stúdenta, þar kom í ljós að 53.1% af þeim sem svöruðu þeirri könnun upplifðu streitu og/eða álag sem hafi áhrif á námsframvindu sína. Þetta eru sláandi tölur og því er mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir sambærilegt andlegt ástand á háskólanemum áður en að annasamasti tími misserisins hefst.

Lokaeinkunn á skólamiðgerðum hefur mikil áhrif á nemendur en þá sérstaklega mikil áhrif á háskólanema sem eru á síðasta ári sínu í háskóla – nefna má dæmi um það að mörg okkar vilja fara beint í mastersnám og hefur lokaeinkunn okkar áhrif á hvaða háskólar samþykki umsókn okkar og hvort umsókn verði almennt samþykkt. Eins og við öll vitum þá var notað slagorðið „fordæmalausir tímar“ oft og mörgum sinnum í vor – en í haust er hægt að segja að það hafa verið fordæmi fyrir þessu áður ef vísað er í aðgerðir háskólans í vor, og má segja að það hafi virkað vel fyrir flest öll sem stunda nám við háskólann.

Lagt er til að það verði 5 eininga lágmark á áföngum til þess að tækifæri bjóðist til að nota „staðið án einkunna“ úrræðið vegna þess að flestir stúdentar eru í allaveganna tveimur áföngum á önn sem eru yfir 5 einingar – og þ.a.l. hefur það meiri áhrif á lokaeinkunn heldur en áfangar sem eru einungis t.d. 2 eða 3 einingar. Erfitt er fyrir stúdenta að skipta frá staðkennslu yfir í fjarkennslu á einu misseri og búast má við því að það bitni á einkunnum þeirra og því er mikilvægt að bregðast við því sem fyrst.

Hugsað er að framkvæmdin á þessu úrræði yrði svipuð og framkvæmdin í vor þar sem hún var til fyrirmyndar – en þetta veltir auðvitað meira á kennurum og hvernig þau ákveða að framkvæma þetta.

#### Spurningar:

- *Brynhildur: Tviþætt, fyrst til Isabel, hefur þetta eitthvað verið rætt á neyðarstjórnarfundum?*
  - *Isabel: Er ein af þeim úrræðum sem er verið að skoða. En það er ekki komið svo langt að útfæra þetta. Fyrst er verið að skoða hvernig við förum af stað í kennslu en svo verður farið í þessi úrræði eftir skrefum. S.s. mætingaskyldu og svona.*
  - *Lenya: Hún gerir sér grein fyrir því að það er mjög langt í þetta og snemmt að þæla í þessu núna. Bara mörg sem eru að fara í lokapróf frekar snemma.*
  - *Isabel: Verðum líka að muna að staðið án einkunna þýðir að það þarf samt að taka áfangana*
  - *Lenya: Stendur að þetta eigi bara að vera úrræði og vera eins og það var í fyrra. Bara til að geta fengið þetta á Uglu - Staðið/Fallið.*
  - *Vífill: Glæsilegt Lenya, langar bara að koma með eitt í lokin á tillögnum. Kemur með breytingatillögu á þessari setningu.*

- : TILLAGA UM AÐ BÆTA VIÐ: “líkt og fyrrum forseti SHÍ náði í gegn á neyðarstjórnarfundi í vor.”
- Ingibjörg: Sama pæling og hjá Vífli, þætti skýrara að taka fram að þetta væri áframhald. Ekki verið að taka upp eitthvað nýtt, heldur að halda áfram með það sem Jóna Þórey náði í gegn á neyðarstjórnarfundi síðasta vor.

**Breytingatillaga:**

- Taka út: “svipuð og framkvæmdin” bæta við “sú sama og framkvæmdin”

**Breytingatillaga:**

- Bæta við: Það skal fela skrifstofu Stúdentaráðs að beita sér fyrir þessu innan neyðarstjórnar háskólans, líkt og fyrrum forseti Stúdentaráðs gerði er úrræðið náðist síðasta vor.
- Taka út: en þetta veltir auðvitað meira á kennurum og hvernig þau ákveða að framkvæma þetta.
- Brynhildur: Tekur yndir breytinguna, það gerir tillöguna meira doable. Taka undir með Lenyu, að það er ekki hægt að fresta þessu endalaust af því að mörg eru í prófum snemma.
- Ingibjörg: Já sama og Brynhildur. Gott að fá þetta sem fyrst í gegn.
- Isabel: Það er verið að ræða þetta inná neyðarstjórnarfundi. Verði þetta samþykkt þá fer hún með þetta inn. En bara minna á að það er ekki kennsla farin af stað alls staðar þannig að þetta er ekki eitthvað sem verður rætt alveg strax.
- Kosið um breytinguna hans Vífils:
  - Kosning: Einróma samþykkt
- Kosið um breytingatillöguna frá Ingibjörgu
  - Kosning: Einróma samþykkt.
- Kosið um breytingatillöguna frá Ingibjörgu
  - Kosning: Einróma samþykkt.
- Kosið um tillöguna í heild sinni
  - Kosning: Einróma samþykkt.

## 6. Hlé 18:10-18:20

*Intermission.*

## 7. Fyrstu niðurstöður stefnumótunarferðar (umræður) 18:20-18:35

*First results from the policymaking trip*

- a. Kynning á niðurstöður úr borðunum Herferð SHÍ og Háskólinn eftir Covid  
*Presentation of the results from the tables SHÍ's campaign and the University post Covid*



## 8. Tillaga varðandi niðurstöður fjórðu COVID könnunar 18:35-18:50

*Proposal regarding the publication of the fourth COVID survey*

## a. Tillaga flutt af sviðsráðforsetum allra fræðasviða

*A proposal by the Presidents of the School Council's of all faculties**Stúdentaráðsfundur**24. ágúst 2020***- T I L L A G A -**

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs óski eftir því að niðurstöður fjórðu könnunar við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem lögð var fram 4. júní, 2020, verði opinberlega birtar á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012.

**Rökstuðningur**

Vorið 2020 lág fyrir heimsfaraldur sem hafði í för með sér víðtæk áhrif á félags- og fjárhagslíf stúdenta. Vegna þessa framkvæmdi Stúdentaráð tvær kannanir á meðal stúdenta við Háskóla Íslands, til að kanna stöðu stúdenta á vinnumarkaði og andlega líðan, og seinna könnun í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Landssamtök íslenskra stúdenta. Niðurstöður þeirrar könnunar sýndu enn mikið atvinnuleysi og fjárhagsáhyggjur meðal stúdenta og í kjölfarið ákvað Mennta- og menningarmálaráðuneytið að leggja fram fjórðu könnunina til þess að afla frekari gagna um fjárhags- og atvinnulífsstöðu stúdenta, áfram í samstarfi við SHÍ og LÍS. Könnunin var send á stúdenta þvert á háskóla á landinu af Maskínu rannsóknnum þann 4. júní, 2020, og voru sömu spurningar lagðar fyrir og í fyrri könnunum. Könnunin átti að kortleggja betur stöðu stúdenta á tímum COVID-19 í lok maí og byrjun júní, og gefa vísbendingu um stöðu stúdenta yfir sumartímam. Meira en tveimur mánuðum seinna hafa niðurstöður umræddrar könnunar enn ekki verið opinberlega birtar. Ítrekað hefur verið beðið um um gögn þessi enda eru niðurstöðurnar mikilvægur þáttur í því að kortleggja fjárhagsstöðu stúdenta á sumrinu sem nú er að líða, líkt og fram kom í markmiði könnunarinnar. Er það því mat undirritaða að réttast sé að skrifstofa Stúdentaráðs óski eftir því að niðurstöður

könnunarinnar verði gerðar opinberar í heild sinni á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012.

*Arnaldur Starri Stefánsson, forseti Sviðsráðs Félagsvísindasviðs*  
*Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir, forseti Sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs*  
*Herdís Hanna Yngvadóttir, forseti Sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs*  
*Katla Ársælsdóttir, forseti Sviðsráðs Hugvísindasviðs*  
*Magdalena Katrín Sveinsdóttir, forseti Sviðsráðs Menntavísindasviðs*

- *Brynhildur kynnir: til að gefa skrifstofunni umboð og þrýsting til að fá niðurstöður á grundvelli upplýsingalaga.*
- *Isabel: Ég hef upplýst ykkur um stöðu mála vel og það er auðvitað þannig að ég hef óskað eftir því að fá niðurstöðurnar birtar án árangurs en hef líka verið að bíða róleg eftir þeim. Ég tek samt undir að við höfum beðið nógu lengi og þetta eru tölur sem útskýra sumarið betur.*
- *Brynhildur: Skilur að Isabel vilji að halda góðum samskiptum; hægt að sýna að þetta sé þrýstingur frá öllu Stúdentaráði.*
- *Isabel: Það er einmitt sterkara fyrir málflutinginn að hafa þetta með.*
- *Kosning:*
  - *Tillagan í heild sinni:*
    - *Einróma samþykkt.*

#### 9. Önnur mál 18:50-19:00

*Other issues*

- *Isabel með annað mál:*
  - *Tilhögun funda. Ætlar að reyna að hafa þá um miðja mánuði, næsti fundur verður um miðjan september. Hafa þá á miðvikudögum. 16. september. Klukkan 17. Var rafrænn fundur í dag - Rektor var tvístíga með fyrimæli um hvort það mætti. Næsti fundur verður líklegast í skólanum.*
- *Helga Lind minnir á myndatöku SHÍ liða. Kemur inn skráningaskjal í kvöld.*

#### 10. Fundi slitið 19:54

*Meeting ends*

11. *Bókfærð mál*

a. Fyrir ráðið verða lögð bókfærð mál - sjá fundargögn eða tengla hér. Samkvæmt d-lið

11. gr.:

Vísindaferð í Stúdentaráð:

**1 Bókfærð mál - Vísindaferð í Stúdentaráð**

24. ágúst 2020

Í samræmi við d-lið 11. gr. [laga Stúdentaráðs](#) um bókfærð mál er hér með lögð til afgreiðsla án umræðu að SHÍ haldi í þriðja sinn vísindaferð í Stúdentaráð, líkt og samþykkt var á síðasta starfsári. Vísindaferð er haldin í þeim tilgangi að auka sýnileika ráðsins og kynna störf þess fyrir stúdentum HÍ.

Skrifstofu Stúdentaráðs og Félagslífs- og menningarnefnd er falið að halda utan um skipulag, mætingu og auglýsingu á viðburðinn. Þá er lagt til að skrifstofu Stúdentaráðs verði veitt heimild til kaupa veitingar og annað tilheyrandi sem fylgir hefðbundnum vísindaferðum nemendafélaga. Gerð yrði fjárhagsáætlun sem yrði lögð fyrir stjórn Stúdentaráðs til samþykktar áður en útgjöld yrðu staðfest.

**Rökstuðningur**

Ætlunin er eins og fyrr segir að fá sem flesta til þess að sækja viðburðinn. Fjöldi þeirra sem mun fara eftir samtali við FS vegna afnota af Stúdentakjallaranum og samtölum við rekstrarsvið skólans ef til þess kemur vegna annarra atriða. Viðburðurinn yrði með svipuðu sniði og á síðasta starfsári, má þar nefna kynning á Stúdentaráði, pubquiz, happdrætti í samráði við samstarfsfyrirtækin okkar o.s.frv.

Vegna aðstæðna verður þó að gæta hófs og fylgja fyrirmælum yfirvalda og heilbrigðisyfirvalda til hins ítrasta. Skyldu aðstæður í samfélaginu breytast enn frekar og hertar aðgerðir boðaðar af yfirvöldum skal endurskoða hvort vísindaferðin geti verið haldin. Öryggi stúdenta sem og starfsfólks er höfð í fyrirrúmi.

*Isabel Alejandra Diaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands*  
*Erna Lea Bergsteinsdóttir, forseti félagslífs- og menningarnefndar Stúdentaráðs Háskóla Íslands*

Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd

**2 Bókfærð mál - skipti í Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd**

*24. ágúst 2020*

Úr nefndinni segir sig fulltrúi Röskvu, Þórður Ingi Oddgeirsson. Í stað hans tilnefnir Röskva Ingvar Þóroddsson.

*Flutningsaðili: Vífill Harðarson*